



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 10. nóvember 2025, fundur hófst kl 20:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Sigrún Valpórsdóttir, Sigurbjörn Eiríksson (Teams), Haraldur Pétursson, Þórdís Anna Gylfadóttir, Björn Magnússon, Haukur Hauksson (Innviðanefnd)

Fjarverandi: Lárus Sindri Lárusson

1. Innviðanefnd.

Haukur og Bjössi mættu á fund stjórnar til að ræða Innviðamál.

Fyrsta mál er að koma loftræsingunni í gagnið og setja salt í gólfið, þetta tvennt kemur loftinu í mun betra horf. Taka hringgerðið úr rennunni og koma fyrir í gám. Geyma brokkspírurnar milli hurðana norðan megin. Boða svo nokkra vel valda aðila til að þrifa höllina, Bjössi tekur það að sér.

Laga hljóðkerfið, innsti hátalarinn í Samskipahöllinni og koma í viðgerð. Fá körfubíl til að taka niður hátalara og nota tækifærið og skipta um perur í ljósum þar sem þörf er á því um leið og hátalarinn verður settur upp aftur.

Yfirfara stóra traktorinn, þrifa, laga lega í vinstra framdekki, smyrja og almennt viðhald. Það þarf að setja Furufís á gólfið í Samskipahöllinni, ekki eins mikið og í fyrra. Þarf að gerast áður en mótahald byrjar.

Það vantar eitthvað af ljósum/perum á reiðvegum, Reiðveganefnd ætlar að funda með Garðabæ um það sem snýr að Garðabæ. Bjössi kannar málið hjá Kópavogsbæ. Einnig eru nokkur mál sem þarf að laga í tengslum við Brunaúttekt eins og t.d., flóttaleið úr skrifstofunni. Katla sendir skýrsluna á Hauk/Bjössa.

2. Verðlaun á uppskeruhátíðum

Farið var yfir verðlaunaafhendingar á komandi uppskeruhátíðum.

3. Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Katla og Þórdís taka saman það sem vantar til að gerast fyrirmyndarfélag ÍSÍ en þetta er mikið af skjölum sem þarf að standa skil á og talsverð vinna að taka þetta saman.

4. Tryggingarmál

Samþykkt að Davíð klári tryggingarmálin eftir yfirferð á tilboðum sem bárust.

5. Skötuveisla

Jónína, Sigrún og Davíð taka að sér að vera fulltrúar stjórnar um undirbúningi á Skötuveislunni.

6. UMSK fundur 20 nóvember.

Katla og/eða Halli fara á fundinn sem fulltrúar Sprettis.

7. **Eldhuginn ÍSI**

Tekið fyrir á næsta fundi.

8. **Samskip**

Gjaldkeri Spretts setur sig í samband við gjaldkera Samskipa og kannar stöðuna á reikningunum.

9. **Önnur mál**

Auglýsa hækkun á reiðhallyklum, ný gjaldskrá tekur gildi um næstu áramót.
Auglýsing um ógreidd félagsgjöld á heimasíðu.

Fundi slitið kl. 22:30

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson